

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 128, 170.*  
*komudagur 4.2.2003*



Alþingi Íslendinga  
Helga Þórisdóttir nefndaritari  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ**

Hafnarhúsinu v/Tryggvagötu  
150 Reykjavík  
Sími 545 8100, Bréfsími 552 4804  
Netfang: postur@fel.stjr.is  
Veffang: felagsmalaraduneyti.is



Reykjavík, 27. febrúar 2003

Tilvísun: FEL02110045/0012/GB/--

Hjálagt sendist yður umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um frumvarp sem félagsmálaráðherra hefur lagt fram á Alþingi til breytingar á sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998, með síðari breytingum.

Umsagnarinnar var aflað í því skyni að greiða fyrir meðferð málsins í félagsmálanefnd og er þess hér með óskað að henni verði dreift til nefndarmanna.

F. h. r.

  
Garðar Jónsson /   
Guðjón Bragason



| FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ |                   |
|----------------------|-------------------|
| Db. 0012             | Dag. 27 Feb. 2003 |
| Ábm. G.B.            | Titill.           |
| Svarfr.              | Stofn.            |
| Atg.                 | DIV.              |
| Fskj. 1              | 78102110045       |

## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Félagsmálaráðuneytið  
b.t. Guðjóns Bragasonar  
Hafnarhúsinu við Tryggvagötu  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 24. febrúar 2003

Sam 046/2003 PS/sp  
Tilv.: 123,0/05

### Efni: Frumvarp til breytingar laga um sveitarstjórnarlög

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 21. febrúar, var lagt fram bréf félagsmálaráðuneytisins, dags. 18. febrúar 2003, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til breytingar laga um sveitarstjórnarlög.

Stjórnin samþykkti meðfylgjandi umsögn.

Virðingarfyllst  
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Þórður Skúlason  
framkvæmdastjóri

Hjálagt: Umsögn um frumvarp til breytingar laga um sveitarstjórnarlög



# Umsögn

## Sambands íslenskra sveitarfélaga

### Umsögn um frumvarp til breytingar laga um sveitarstjórnarlög.

#### Um 6. gr.

Lagt er til að við 6. gr. bætist ný 2. mgr. sem orðist svo: *Sveitarstjórn skal á hverjum tíma tryggja umráðarétt yfir fasteignum sem eru nauðsynlegar til að lögboðin verkefni sveitarfélagsins verði rækt.*

Hér um að ræða vísireglu um að sveitarstjórn eigi að tryggja umráð yfir fasteignum sem sveitarfélaginu eru nauðsynleg. Bent skal á að í núverandi gerð 6. gr. frumvarpsins er lögð til vísiregla um það hvernig sveitarstjórn skuli fara með fjármuni. Ef að nægilegt er að almenn vísiregla eigi að tryggja góða meðferð allra fjármuna í sveitarfélagi þá er vísiregla á sama hátt til þess fallin að tryggja að samningar um sölu fasteigna sveitarfélags leiði ekki til þess að umráð yfir nauðsynlegum fasteignum falli niður. Til þess að stuðla að því að sveitarstjórnir muni örugglega tryggja nægjanlegan umráðarétt yfir fasteignum er hægt að kveða á um forkaupsrétt, forleigurétt, leigurétt eða skyld úrræði fyrir sveitarfélagið. Einnig er mikilvægt að leigusamningar feli í sér nokkuð langan uppsagnarfrest svo að sveitarstjórn hafi ávallt nægilegt svigrúm til að bregðast við því ef útvega þarf annað húsnæði til rækslu lögboðins hlutverks sveitarfélagsins. Á það skal bent að orðalag tillögunnar er þannig að umráðarétturinn þarf ekki endilega að vera í höndum sveitarfélagsins sjálfs heldur hvílir almennt á sveitarstjórn að tryggja að fullnægjandi umráð yfir fasteign séu fyrir hendi til þess að sinna megi lögboðnu verkefni sveitarfélagsins. Þannig nær ákvæðið einnig til þess að aðili sem tekið hefur að sér einkaframkvæmd hjá sveitarfélaginu við grunnskólakennslu hafi viðhlítandi umráðarétt yfir fasteign.

Bent skal á að miklar breytingar hafa orðið frá þeim tíma þegar sjálfgefið þótti að sveitarfélög og aðrir opinberir aðilar ættu skilyrðislaust þær fasteignir sem nýttar voru í opinberri starfsemi. Ekki er tilefni til annars en að ætla að þeir margvísulegu möguleikar sem nú eru fyrir hendi um eignarhald og rekstur fasteigna verði áfram fyrir hendi í náiinni framtíð. Þessir valkostir verða því áfram fyrir hendi fyrir sveitarstjórnir. Í þeim sveitarfélögum þar sem sveitarstjórnir munu nýta sér þessa kosti getur þróunin orðið sú að eignarhald sveitarfélaganna á fasteignum verði ekki framar fyrir hendi. Fasteignir sem sveitarfélög nýta við rækslu lögboðinna verkefna verði þá í eigu sérstakra fasteignafélaga, í eigu félaga með einkaframkvæmdar-samningum eða með öðrum hætti utan beins eignarhalds sveitarfélaga. Það verður að teljast óvíst hvernig eignarhaldi sveitarfélaga á fasteignum sem nýttar eru til rækslu lögboðinna verkefna sveitarfélagsins verður háttað á komandi tíð. Sveitarfélög munu þó þurfa að hafa umráðarétt yfir fasteignum sem nota þarf til að rækja lögboðin verkefni sveitarfélagsins. Það er því nauðsynlegt að fella viðkomandi breytingartillögu inn í frumvarpið til að stuðla að því að umráðaréttur yfir fasteignum sem eru nauðsynlegar við rækslu lögboðinna verkefna sveitarfélaga sé tryggður.



#### Um 7. gr.

Lagt er til að 2. mgr. greinarinnar orðist svo: *Ákveði sveitarstjórn að selja fasteignir sveitarfélags sem falla undir 2. mgr. 73. gr. skal hún tilkynna þá ákvörðun til eftirlitsnefndar. Eftirlitsnefnd skal kanna hvaða fjárhagslegu áhrif salan hefur á rekstur sveitarfélagsins. Eftirlitsnefnd getur sett fram tillögur sínar til viðkomandi sveitarstjórnar um ráðstöfun söluandvirðis eða ávöxtun þess. Ráðherra getur í reglugerð sett nánari reglur um form tilkynninga, viðmiðanir við athugun eftirlitsnefndar og önnur atriði er varða framkvæmd ákvæðisins, í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.*

Með ákvæðinu í núverandi gerð frumvarpsins er verið að stíga nýtt skref í eftirliti með sveitarfélögum, þ.e. að sú grundvallarbreyting verður að sveitarfélög verða háð skilyrðisbindingu vegna tiltekinna fjármálalegra ákvarðana. Eftirlit með sveitarfélögum er nú fyrst og fremst almennt og veitir aðeins rétt til íhlutanar í málefni sveitarfélags þegar ákveðin skilgreinanleg hættumerki eru fyrir hendi. Það er óviðunandi með tilliti til sjálfstjórnarréttar sveitarfélaga að ráðherra geti að tillögu eftirlitsnefndar sett sveitarfélögum skilyrði, m.a. um ráðstöfun fjármuna og önnur atriði.

Sveitarfélög hafa sjálfstjórnarrétt og eru sjálfsstæðir aðilar gagnvart handhöfum ríkisvaldsins, sbr. 1. mgr. 78. gr. stjórnarskrárinnar. Í 2. mgr. 78. gr. stjórnarskrárinnar er sveitarfélögum sérstaklega fengin ráðstöfunarheimild yfir tekjustofnum sveitarfélagsins. Það er því veruleg skerðing á sjálfstjórnarrétti sveitarfélaga ef ákvörðun sveitarstjórnar um ráðstöfun fjármuna sveitarfélags verður bundin skilyrðum. Hér eru því lagt til að sú breyting verði að lagaákvæðið feli í sér að eftirlitsnefndin geti gert tillögur til viðkomandi sveitarstjórnar um ráðstöfun söluandvirðis.

Einnig er bent á að hugmyndir um að skilyrðisbinda ráðstöfun söluandvirðis fasteigna verður að skoða í því ljósi að ekki er eðlismunur á fjármunum sem sveitarfélög fá við sölu fasteigna og öðrum fjármunum s.s. vegna skatttekna eða lántöku. Sveitarstjórnir stýra almennt fjármálum sveitarfélaga án þess að íhlutun eftirlitsnefndar eða annarra aðila geti komið til, t.d. geta sveitarfélög tekið lán án nokkurra skilyrða ráðherra um ráðstöfun þeirra fjármuna. Það er því óeðlilegt að sveitarfélög eigi að vera háð skilyrðisbindingu um ráðstöfun tiltekinna fjármuna en ekki annarra. Þetta gerir það einnig að verkum að skilyrðisbinding á ráðstöfun söluandvirðis hefur ekki almennt gildi þar sem að engin skilyrði verða sett vegna almennrar fjármálastjórnar sveitarfélagsins, nema þegar ákvæði sveitarstjórnarlaga um fjárþröng verða virk. Með hliðsjón af þessu er ljóst að skilyrðisbinding á söluandvirði fasteigna getur ekki haft varanlegt gildi á fjármálastjórn sveitarfélaga og því er eðlilegt að aðeins sé um að ræða tillögur eftirlitsnefndarinnar til viðkomandi sveitarstjórnar.

Þannig afgreitt á fundi stjórnar sambandsins 21. febrúar 2003.

Þórunn Skúlason  
framkvæmdastjóri